

## Erindi\_8.6.2023

**Til** : Pétur Ingi Haraldsson <peturingi@akureyri.is>  
**Frá** : Steinmar H. Rögnvaldsson <steinmar@akureyri.is>  
**CC** : María Markúsdóttir <mariam@akureyri.is>  
**Heiti** : Erindi\_8.6.2023  
**Málsnúmer** : 2023060492  
**Málsaðili** : Pollurinn ehf.  
**Skráð dags** : 08.06.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Steinmar H. Rögnvaldsson <steinmar@akureyri.is>  
**Viðhengi** [KY\\_20-028-01\\_Akureyri\\_Hafnarstræti\\_82\\_050623.pdf](#)  
[Drottningarbraut deiliskipulag \\_ minnkad.pdf](#)

Má ekki sýna þetta í fyrramálið

*Með kveðju,*

**Steinmar H. Rögnvaldsson**

*Byggingarfulltrúi*

Þjónustu- og skipulagssvið

Geislagötu 9, Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1114

---

**From:** Oddur Kr. Finnbjarnarson

**Sent:** fimmtudagur, 8. júní 2023 11:11

**To:** Steinmar H. Rögnvaldsson ; Sædís Gunnarsdóttir

**Cc:** Jens Sandholt ; Andri Þór Arinbjörnsson ; Sævar Þorbjörnsson ; Paolo Gianfrancesco ; María Josefa Gómez de Santiago Alises

**Subject:** Hafnarstræti 82 fyrirspurn

Sæl verið þið Steinmar og Sædís.

Í framhaldi að samtali okkar vegna stækkunar/viðbyggingar við Hafnarstræti 82 þá sendi ég hér með fyrirspurn.

Í skipulagsgögnum er sagt að viðbyggingin til suðurs verði eins og núverandi hús í útliti.

Nú þegar farið er að vinna nánar í útliti og efnisvali nýbyggingarinnar þá erum við frekar að horfa til þess að kópera ekki algjörlega núverandi hús en halda hlutföllum, hæð og formi sem er í núverandi húsi.

Spurningin er þá sú hvort að það yrði heimilað af ykkar hálfu, sjá meðfylgjandi tillögur.

Á gluggalausan norðurgafli núverandi húss verða settir nýir gluggar eins og kveður á um í deiliskipulaginu.

Á austurhlíð núverandi húss eru fjórar stórar stálsvalir sem er seinni tíma breyting sem er óskað eftir að taka og setja 5 minni svalir í staðinn

sem ganga um 70cm út frá húshliðinni og út fyrir byggingareit.

Á vesturhlíðinni eru fimm franskar svalir í dag og er óskað eftir því að í stað þeirra verði settar 5 svalir sem ná 70cm út frá húshliðinni

og ná þær út fyrir lóðarmörk eins og samþykkt er í deiliskipulagi.

Í dag er ekki lyfta í húsinu og við fyrirhugaðar breytingar á að koma fyrir lyftu sem tekur sjúkrabörur.

Til að uppfylla kröfur um öryggishæð í lyftustokknum þá þarf hann að ganga upp úr þakinu.

Gert er ráð fyrir að hann verði á austanverðu þakinu og komi upp við kvistinn sem er að norðanverðu.

Þakið sem er yfir lyftunni verður látið ná á milli þakkvistana til að skapa eina heild útlitslega.

Bestu kveðjur / Regards

**Oddur Kr. Finnbjarnarson**  
**Arkitekt faí**

THG ARKITEKTAR

Faxafen 9, 108 Reykjavík

s: 545 1608, Gsm: 698 8483

[Fyrirvari / Disclaimer](#)

[www.thg.is](http://www.thg.is)